

LÖG

um

30
20. júní

breyting á lögum nr. 56, 10. nóv. 1913. (Herpinótaveiði).

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

2. málsgr. 1. gr. orðist svo:

Sömuleiðis er sýslunefnd Skagafjarðarsýslu heimilt að gjöra samþykkt um síldveiði með herpinót á Skagafirði innan línu milli syðri enda Þórðarhöfða, norðurenda Drangeyjar og þaðan sömu stefnu á Skaga.

2. gr.

Í stað „500 kr.“ í 6. gr. komi: 3000 kr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalúborg, 20. júní 1923.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Kl. Jónsson.